



5. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn fimmtudaginn 10. sept. á skrifstofu félagsins að Varmál kl. 18.15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh) og Geirarður Long (GL).

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Anna Sigurðardóttir, Einar Grétarsson og Eymundur Sigurðsson boðuðu forföll.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjölnota íþróttahús – staða mála.

Stjórn Aftureldingar ákvað að fá fund með fulltrúum Mosfellsbæjar til að fá nánari upplýsingar um stöðu mála þar sem starfshópur hefur lokið störfum.

2. Hreyfivika 21. – 27. Sept. n.k.

Deildir félagsins taka þátt í verkefninu. Aðalstjórn lýsir yfir ánægju sinni með þátttöku félagsins í verkefninu.

3. Almenningsíþróttir.

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála varðandi það að koma á fót skokk og trimmhópi í félaginu fyrir almenning í samstarfi við Eldingu líkamsrækt.

4. Fjármál – staða mála.

Framkvæmastjóri fór yfir stöðu mála en sex mánaða uppgjör er að verða tilbúið til skoðunar.

Önnur mál:

- Erindi frá Gunnu Stínu formanns blakdeildar vegna mótamála. Aðalstjórn felur framkvæmastjóra að halda utan um bókanir í viðburðatali fyrir fjöllíðamót í sölum hússins. Deildir fá að jafnaði eitt mót fyrir jól og annað eftir áramót svo jafnræðis sé gætt í úthlutun móta. Æfingabúðir og æfingamót skulu ávalt skoðuð sérstaklega með tilliti til þess hvort þeim verður við komið.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20.30.

Fundargerð ritaði:

Indriði Jósafatsson

(sign).